


Njálurefillinn

Kristín Ragna Gunnarsdóttir



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar
Þriðjudaginn 10. október 2023 kl. 20:00



„Mörður hét maður er kallaður var gígja ...“

Kristín Ragna Gunnarsdóttir hannaði og teiknaði Njálurefilinn en fyrsta saumsporið var tekið 2. febrúar 2013 og lokið var við að sauma hann 15. september 2020. Njálurefillinn er rúmlega 90 metra langur og byggist á Njáls sögu. Hann er saumaður með refilsaumi í anda hins fræga Bayeuxrefils. Hugmyndina að Njálureflinum áttu þær Christina Bengtsson og Gunnhildur Kristjánsdóttir og fjöldi manns tók þátt í að sauma hann á Hvolsvelli.



Kristín Ragna Gunnarsdóttir er sjálfstætt starfandi teiknari og rithöfundur. Hún útskrifaðist úr grafískri hönnun frá Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1992 og var gestanemi við málaradeild sama skóla. Hún lauk BA-prófi í bókmenntafræði og ritlist 2006 og MA-prófi í ritlist 2016 frá Háskóla Íslands. Kristín er höfundur fjórtán barnabóka og hefur myndlýst ótal bækur og prentgripi. Auk þess hefur Kristín hannað nokkrar sýningar, haldið einkasýningar á verkum sínum og tekið þátt í fjölda samsýninga bæði hér á landi og erlendis. Verk Kristínar hafa verið tilnefnd til margskonar verðlauna og Kristín Ragna hefur hlotið *Dimmalimm* - Íslensku myndskreytiverðlaunin í tvígang.

Kristín Ragna hefur teiknað nokkra myndrefla; *Vatnsdælu á refli*, *Njálurefilinn* og *Landnámskvennarefilinn* sem gefinn var skosku þjóðinni. Kristín hannaði *Vatnsdælu á refli*, teiknaði hann að hluta og leiðbeindi 22 nemendum úr Listaháskóla Íslands við að myndlýsa hann. Jóhanna Pálmadóttir á heiðurinn að gerð þess refils sem er verið að sauma í Textílmíðstöð Íslands á Blönduósi.

Haustdagskrá LSÓ 2023

Priðjudaginn 3. október

Saga saumuð á langan refil

Reynir Tómas Geirsson fyrrverandi prófessor og yfirlæknir segir frá hinum fræga refli í Bayeux, sem saumaður var á elleftu öld.

Priðjudaginn 10. október

Njálurefillinn

Kristín Ragna Gunnarsdóttir, teiknari og rithöfundur, segir frá gerð Njálurefilsins sem hún hannaði og teiknaði og fjöldi manns tók þátt í að sauma.

Priðjudaginn 17. október

Tónleikar

Hildigunnur Einarsdóttir mezzósópran og Guðrún Dalía Salómonsdóttir píanóleikari. Kafað er ofan í hljóðheima franskra tónlistar, allt frá dularfullum síðrómantískum sönglögum Duparcs yfir í nýrri hljóðheima Messiaen.

Laugardaginn 21. október

Tónleikar

Hlíf Sigurjónsdóttir fiðluleikari og Carl Philippe Gionet píanóleikari. Á efnisskránni eru fiðlusónötur eftir Mozart og Grieg og Scherzo-Tarantella eftir Henryk Wieniawski.

Priðjudaginn 24. október

Einleikstónleikar

Kanadíski píanóleikarinn Carl Philippe Gionet flytur verk, m.a. eftir Schelly Washington, Ann Southam og J.S. Bach.

Priðjudaginn 31. október

Skreyting þagnarinnar

Sergio Coto-Blanco lútuleikari frá Costa Rica býður upp á kvöldstund sem hann tileinkar lútunni og mismunandi möguleikum hennar.

Priðjudaginn 7. nóvember

Sönglög Árna Thorsteinssonar

Gissur Páll Gissurarson tenórsöngvari og dr. Nína Margrét Grímsdóttir píanóleikari. Tileinkað sönglögum Árna Thorsteinssonar tónskálds.

Viðburðirnir hefjast klukkan 20:00. Aðgangseyrir er 2000 kr. og eingöngu selt við innganginn. Breytingar, viðbætur og uppfærslur má sjá á vef safnsins www.LSO.is